

Ekki er ódýrara í áskrift en Vísir.
Látið hann færa yður fréttir og annað
lestrarfni heim — án fyrirhafnar af
yðar hálfu.
Sími 1-16-60.

VÍSIR

Laugardaginn 19. apríl 1958

Munið, að þeir, sem gerast áskrifendur
Vísis eftir 10. hvers mánaðar, fá blaðið
 ókeypis til mánaðamóta.
Sími 1-16-60.

Franco segir senn af sér.

Sennilega verður efnt til þjóðaratkvæðis
um framtíðarskipun.

Fedgar munu deila um hásetið.

Hávær orðrómur gengur um það í Madrid, að Franco sé að hugsa um að segja af sér innan skamms, og konungdæmi verði þá jafnvel endurreist í landinu.

Franco er sagður sjúkur maður, þjáist af þvagteppu, eins og algengt er um menn á hans aldri, hann er orðinn 66 ára. Hefir hann að sögn leitað til sérfræðinga í Sviss, sem kveðast vera reiðubúnir til að framkvæma á honum uppskurð.

Meðan hann væri fjarverandi, mundi bráðabirgðastjórn verða sett á laggir, en síðar mundi verða tilkynnt, að Franco væri of þungt haldinn til að taka við stjórnartumum á ný, og mundi þá verða efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarform það, sem þjóðin vildi taka upp.

Eins og oft hefir komið fram í fregnum er ætlað, að Franco hafi um hríð hugsað sér að koma á konungdæmi, þegar hann drægi sig í hlé. Hann var konungssinni, áður en Alfons 13. var steypt af stóli, en skoð-

Lagningu Hlíðaveitu lýkur í ár.

Störfum Hitaveitunnar við lagningu hitaveitu í Hlíðarhverfi miðar jafnt og þétt áfram en framkvæmdir hafa nú staðið yfir í tæplega tvö ár.

Að því er hitaveitustjóri hefur tjáð blaðinu er nú unnið í hinum stóra stökk, sem liggur frá Hamrahlið yfir Eski-torg, niður Lönguhlíð og beygir niður Drápuhlíð að dælustöðinni þar.

Einnig er nú unnið að dælustöðinni við Drápuhlíð 14. Búið er að leggja götuaeðar í hverfið. Hitaveita þessi mun ná yfir hverfið sunan Miklubrautar upp að Stakkahlíð.

Taldi hitaveitustjóri að framkvæmdum mundi ljúka á þessu ári en þær hafa staðið yfir rétt tæplega tvö ár eða frá því í maí 1956.



Þ's 5-8 kl Sep 1
Varðarkaffi í Valhöll

anir hans kunna að hafa breytt síðan. Hinsvegar er það almenn skoðun meðal fréttamanna í Madrid, að herinn hafi hug á að koma konungi í háseti á ný, og hingað til hafi það orðið, sem herinn vildi.

Hver verður konungur?

En vandamálið er ekki leyst endanlega með því, að þjóðin ákveði konungdæmi. Tveir menn

sækjast eftir því að setjast í Escorial-höll, konungshöllinni spænsku. Annar er Don Juan, sonur Alfons 13., sem hefir aldrei fallið frá tilkalli sínu til hásetis föður síns. Hinsvegar er sonur hans, Juan Carlos, sem fengið hefir uppeldi í spænskum foringjaskólum að undanfögnu, og — að marga ætlan — til að búa hann undir konungdóm síðar.

Þess má geta að endingu, að síðan 1947 hefir Spánn að nafninu til verið konungsríki, því að síðan eru til lög um það — þótt enginn sé konungurinn í landinu.

Norðmenn telja að togara útgerð borgi sig ekki.

Eins og ástatt er getum við ekki selt mikið meiri fisk en nú aflast, segir Barts Jóhannesson.

Frá fréttaritara Vísis —
Ósló í gær.

Vegna þess hvæ erlendir togarar hafa aflað mikið á Röst-banken, sem er allviðattumikið togsvæði undan Lófóten, hefur því verið hreyft í Noregi, hvort ekki beri að leggja áherzlu á að Norðmenn komi sér upp togaraflota, en eins og kunnugt er eiga þeir fáa togara.

Mál þetta var nýlega rætt í blaðinu „Lofotenposten“. Var það álit sérfróðra manna að tilgangslaust væri að leggja í kostnað til byggingar togara, þar sem ekki væru fyrir hendi sölumöguleikar á miklu magni af fiski, sem stór togarafloti kæmi til með að leggja á land.

„Englendingar, Þjóðverjar og aðrar þjóðir byggja nú upp togaraflota sína í því augnamiði að verða sjálfum sér nógir um fisk. Brezkir togarar veiða 100 þús. l. af fiski við strendur Noregs á hverju ári og afli Þjóðverja á ári hverju er jafnan nokkru meiri. Þetta er svo mikill afli, sem þessar helztu fiskneyzlu-þjóðir veiða sjálfar, að við höfum litla möguleika á að auka sölu á fiski til þeirra,“ hefur blaðið eftir Bartz Jóhannssen framkvæmdarstjóra. Hinsvegar er Jóhannssen sammála tillögu þeirri er starfsbróðir hans, Joakim Ihlen, bar fram fyrir nokkru, en hún er sú að norsk frystihús kaupi fisk af erlendum togurum.

Það sem yfir undir þessa ráðagerð er að frystihús, sem norska ríkið rekur í Melbu hefur átt í vandræðum með að fá nóg hráefni til framleiðslu á fiskflöskum. Ef hægt væri að kaupa fisk af erlendum togurum, sem veiða þar skammt undan væri ráðin bót á þessum hráefnisskorti. Eins og á stendur er þetta ekki framkvæmanlegt vegna laga frá 1906, sem banna að fiski sé landað af erlendum skipum í norskri höfn

og aflinn seldur þar. Einnig banna togaraflögin að togarafiski sé lahað hvort sem er til sölu eða til framhaldsflutnings. Búast má við því að norskir sjómenn myndu standa gegn lagabreytingu í þessa átt. Bendir því allt til að Norðmenn auki ekki togaraflota sinn að svo stöddu, þótt slíkt hafi komið til umræðu manna meðal.

Brauðstrið flugfélaganna.

Pan American kærir SAS o. fl. fyrir ofrausn í veitingum.

Pan American World Airways hefir hafið (loft)sókn gegn fjórum öðrum flugfélögum, og kalla erlend blöð deilu þeirra „brauðstriðið“.

Pan American heldur því fram, að fjögur flugfélög, sem halda uppi ferðum yfir Atlantshaf, fari í kringum reglur IATA, samtaka félaga, sem fjalla um, hversu mikið megi bera á borð fyrir farþega í hverjum fargjaldsflokki. Félög þessi eru Air France, KLM, Swissair og SAS, en það síðastnefnda er einkum talið brotlegt.

Er því haldið fram, að ekki sé hægt að segja, að SAS beri mönnum brauðsneiðar með áleggi eða áskurði, því að í rauninni sé það heilar máltíðir, sem sé lagðar ofan á brauðsneiðar, svo að hægt sé að tala um brauð í sambandi við þann viðurkenning.

BOAC, brezka flugfélagið, er ekki kært enda mun það á flestra vitorði, að þar er gætt ýtrasta sparnaðar í viðurgering.

Pan American vill fá úr því skorið, hvar séu mörkin milli

Öllum verzlunarrekstri stefnt í beinan voða.

Frá aðalfundi Félags ísl. stórkaupmanna.

Aðalfundur Félags íslenskra stórkaupmanna var haldinn laugardaginn 29. marz í Tjarnarcafé.

Formaður stjórnarinnar, Páll Þorgeirsson, flutti skýrslu félagsstjórnar og rakti helztu viðfangsefni félagsins á liðnu starfsári. Síðan gerði gjaldkeri, Bjarni Björnsson, grein fyrir reikningum, en annar fulltrúi F.Í.S. í stjórn Ísl. vöruskiptafélagsins s.f., Karl Þorsteins, skýrði frá störfum þess á síðasta ári. Guðmundur Árnason, fulltrúi F.Í.S. í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, gerði grein fyrir störfum og reikningum sjóðsins.

Að því loknu var gengið til stjórnarkjörs og voru kjörnir í stjórn félagsins eftirtaldir menn Páll Þorgeirsson formaður, og meðstjórnendur þeir Guðmundur Árnason, Sveinn Helgason, Ólafur Ó. Johnson og Tómas Pétursson. Í vara-stjórn voru kjörnir þeir Björn Hallgrímsson og Friðrik Sigurbjörnsson. Fráfarandi gjaldkeri, Bjarni Björnsson, baðst eindregið undan endurkosningu.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Ólafur Haukur Ólafsson og Sveinn Björnsson.

Í stjórn Verzlunarráðs Íslands voru þessir menn kjörnir Páll Þorgeirsson, Egill Guttormsson, Gunnar Guðjónsson og Ólafur Ó. Johnson.

Fulltrúar F.Í.S. í stjórn Ísl. vöruskiptafélagsins s.f. voru kosnir þeir Karl Þorsteinnsson og Bergur G. Gslason.

Á fundinum voru verðlagsmálin rædd mjög ítarlega. Fundarmenn voru á einu máli um, að núgildandi verðlagsákvæði væru óheyrilega ströng og svo langt frá allri sanngirni, að öllum verzlunarrekstri væri stefnt í hreinan voða, ef eigi fengist úr bætt. Enda kom það skýrt fram í umræðunum, að heildsöluálagning hér myndi vera mun lægri en á nokkru hinna Norðurlandanna. Að lokum var gerð ályktun í sambandi við verðlagsmálin, sem stjórn félagsins var falið að vinna að.

Sprenging í sokknu skipi

við Okinawa.

30 menn biðu bana.

Óvanalegt slys hefur orðið við strendur Okinawa. Varð sprenging í skipi, sem sókkt var á stríðstímanum, og biðu 30 manns bana.

Skip þetta, Canadian Victory, var hlaðið skotfærum og var sókkt í árás japanskra flugvéla, er átökin stóðu um Okinawa.

Fiskimenn og aðrir hafa iðulega verið varaðir við að koma nálægt flakinu, sem hafði færst upp á grynningar.

Í dag verður opnuð í Sýningarsalnum við Hverfisgötu samsýning Ásgerðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnars-sonar. Sýnir frúin myndvefnað, en Benedikt glermyndir.

Sýningin verður opnuð kl. 4 fyrir boðsgesti og kl. 5 fyrir almenning.

Ásgerður hefur stundað myndlistarnám í konunglega Akademinu í Kaupmannahöfn. Hefur hún átt verk á ýmsum sýningum m.a. alþjóðlegu sýningunni í München 1956 og hlaut þá gullverðlaun sýningarinnar fyrir eina mynd sína. Þetta er í fyrsta sinn, sem hún efnir til sjálfstæðrar sýningar.

Benedikt hefur stundað nám við Listaháskólann og Ríkislistasafnið í Kaupmannahöfn og hefur dvalið á Frakklandi og Spáni. Þetta er fyrsta sýning Benedikts á glermyndum, en hann hefur haldið sjálfstæðar sýningar og tekið þátt í samsýningum.

Sýningin er opin daglega frá kl. 2—10 til 1. maí.

Samsýning í Sýningarsalnum.



Ásgerður Ester Búadóttir hjá einu af listaverkum sínum.